

Umhverfis- og skipulagsráð

Ár 2017, miðvikudaginn 15. febrúar kl. 9.04, var haldinn 180. fundur umhverfis- og skipulagsráðs Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Borgartúni 12 - 14, 7. hæð. Ráðssal. Viðstaddir voru: Hjálmar Sveinsson, Páll Hjaltason, Gísli Garðarsson, Stefán Benediktsson Marta Guðjónsdóttir, Hildur Sverrisdóttir og Þórgnýr Thoroddsen áheyrnarfulltrúi. Eftirtaldir embættismenn sátu fundinn: Ólöf Örvarsdóttir, Örn Sigurðsson, Björn Axelsson, Nikulás Úlfar Másson, Þorsteinn R. Hermannsson, Magnús Ingi Erlingsson og Marta Grettisdóttir. Fundarritari er Erna Hrönn Geirsdóttir.

Þetta gerðist:

(D) Ýmis mál

1. **Umhverfis- og skipulagsráð**, kosning fulltrúa Mál nr. US170057

Lagt fram bréf borgarstjóra, dags. 8. febrúar 2017, vegna samþykktar borgarstjórnar frá 7. febrúar 2017 um að Sveinbjörg Birna Sveinbjörnsdóttir taki sæti sem varamaður í umhverfis- og skipulagsráði í stað Sigurðar Inga Jónssonar.

- Kl. 9.10 tekur Halldór Halldórsson sæti á fundinum og Marta Guðjónsdóttir vikur Marta Guðjónsdóttir af fundi.
- Kl. 9.15 tekur Sveinbjörg Birna Sveinbjörnsdóttir sæti á fundinum.

(E) Umhverfis- og samgöngumál

2. **Þróunarássinn Örfirisey - Keldur**, Grensásvegur - Gullinbrú, valkostir í samgöngum og skipulagi Mál nr. US160191

Kynntar tillögur að útfærslu samgangna og uppbyggingar á þróunarássnum Örfirisey-Keldur, nánar tiltekið á kaflanum Grensásvegur - Gullinbrú. Fulltrúar Traðar Sigríður Magnúsdóttir og Hans-Olav Andersen fulltrúi Landslags Þráinn Hauksson og fulltrúi Mannvits Ólöf Kristjánsdóttir kynna. Vísað til borgarráðs til kynningar.

(A) Skipulagsmál

3. **Afgreiðslufundir skipulagsfulltrúa Reykjavíkur**, fundargerð Mál nr. SN010070

Lögð fram fundargerð afgreiðslufundar skipulagsfulltrúa Reykjavíkur, dags. 10. febrúar 2017.

4. **Kringlumýrarbraut frá Miklubraut að Bústaðavegi**, deiliskipulag (01.7) Mál nr. SN160832

Lögð fram tillaga Landmótunar, dags. 30. janúar 2017, að deiliskipulagi Kringlumýrarbraut frá Miklubraut að Bústaðavegi. Deiliskipulagið nær yfir Kringlumýrarbraut og nærumhverfi hennar, frá Miklubraut að frárein upp á Bústaðaveg. Í tillögunni felst að komið er fyrir forgangsleið fyrir almenningsamgöngur í norður- og suðurátt ásamt því að skilgreina hjóla- og gönguleið og hljóðveg meðfram lóðum við Stigahlíð. Einnig er lagður fram

skýringaruppráttur dags. 30. janúar 2017 og hljóðvistarskýrsla dags. 10. febrúar 2017.

Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu umhverfis- og skipulagssviðs sbr. 3. mgr. 43. skipulagslaga nr. 123/2010.

Vísað til borgarráðs

Halldóra Hrólfsdóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

5. **Miklabraut, breikkun frá Kringlumýrarbraut að Grensásvegi,** (01.82) Mál nr. SN170018
breyting á deiliskipulagi

Lögð fram tillaga Landslags, dags. 3. febrúar 2017, að breytingu á deiliskipulaginu Miklabraut, breikkun frá Kringlumýrarbraut að Grensásvegi. Afmörkun á deiliskipulaginu er breytt þar sem það mætir nýju deiliskipulagi fyrir Kringlumýrarbraut frá Miklubraut að Bústaðavegi. Mörk deiliskipulagsins þar sem þau ná inn á Kringlumýrarbraut til suðurs færast að gatnamótum Kringlumýrarbrautar og Miklubrautar.

Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu umhverfis- og skipulagssviðs sbr. 3. mgr. 43. skipulagslaga nr. 123/2010.

Vísað til borgarráðs

Halldóra Hrólfsdóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

6. **Tryggvagata 18-18c,** skilmálabreyting (01.132.1) Mál nr. SN170073
vegna gistiheimilis
660504-2060 Plúsarkitektar ehf, Fiskislóð 31, 101 Reykjavík
440412-0170 Hol T18 ehf., Pósthólf 182, 121 Reykjavík

Lagt fram erindi Þormóðs Sveinssonar, mótt. 31. janúar 2017, varðandi skilmálabreytingu dags. 7. febrúar 2017 vegna gistiheimilis að Tryggvagötu 18-18c.

Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu umhverfis- og skipulagssviðs sbr. 3. mgr. 43. skipulagslaga nr. 123/2010.

Vísað til borgarráðs

Páll Hjaltason vísar af fundi undir þessum lið.

Halldóra Hrólfsdóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

7. **Alþingisreitur,** kynning Mál nr. US170056

Kynnt verðlaunatillaga Studio Granda vegna Alþingisreits.

Fulltrúar Studio Granda Steve Christer og Margrét Harðardóttir kynna.

8. **Heklureitur,** skipulagssamkeppni Mál nr. SN170017

Lögð fram drög að samkeppnislýsingu, dags. 9. febrúar 2017, um lokaða hugmyndasamkeppni með forvali - fyrir skipulagssvæði sem afmarkast af Nóatúni til vesturs, Brautarholt og Skipholti til suðurs, Bolholti til austurs og Laugavegi til norðurs.

Samþykkt.

Jón Kjartan Ágústsson, Börn Ingi Edvardsson og Hildur Gunnarsdóttir verkefnisstjórar taka sæti á fundinum undir þessum lið.

9. **Hólavað 63-71,** breyting á deiliskipulagi (04.741.6) Mál nr. SN170074
120944-2669 Kristinn Ragnarsson, Skaftahlíð 27, 105 Reykjavík

Lögð fram umsókn Kjartans Hrafns Kjartanssonar dags. 31. janúar 2017 varðandi breytingu á deiliskipulagi Norðlingaholts vegna raðhúss á lóðum að Hólavaði 63-71. Í breytingunni felst breyting á byggingarmagni/nýtingarhlutfalli, m.a. að bæta við kvist og hækka hús, samkv. uppdrætti Krark., dags. 8. febrúar 2017.

Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu umhverfis- og skipulagssviðs sbr. 3. mgr. 43. skipulagslaga nr. 123/2010.
Vísad til borgarráðs

Borghildur Sölvey Sturludóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

10. **Lyngháls 4**, breyting á deiliskipulagi (04.326.4) Mál nr. SN170052
711296-4929 Grjótháls ehf., Stórhöfða 34-40, 110 Reykjavík
680504-2880 PKdM Arkitektar ehf., Brautarholti 4, 105 Reykjavík

Lögð fram umsókn PK dM arkitekta ehf., mótt. 23. janúar 2017, varðandi breytingu á deiliskipulagi Hálsahverfis vegna lóðarinnar nr. 4 við Lyngháls. Í breytingunni felst að byggingarreitur 5. hæðar stækkar út í útmörk 4. hæðar núverandi húss ásamt því að hann stækkar til suðurs, hámarkshæð útveggja og þaks 5. hæðar hækkar um 1,3 metra, lyftuhús og lagnaskökt mega ná 2 metra upp fyrir hámarkshæð 5. hæðar, nýtingarhlutfall ofanjarðar er hækkað ásamt því að áfram er nýtt heimild í kafla 2.7 til að auka nýtingarhlutfall sem nemur bílageymslum neðanjarðar, neðanjarðargeymslum og tæknirýmum á lóðinni, heimilt er að byggja skyggni á norðurhlíð byggingar allt að 2 metra út fyrir byggingarreit og bílastæðaskilmálar eru endurskoðaðir, samkvæmt uppdr. PK dM arkitekta ehf., dags. 23. janúar 2017. Einnig er lögð fram greinargerð, dags. 23. janúar 2017.

Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu umhverfis- og skipulagssviðs sbr. 3. mgr. 43. skipulagslaga nr. 123/2010.
Vísad til borgarráðs

Lilja Grétarsdóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

11. **Bryggjuhverfi vestur, svæði 4**, lýsing (04.0) Mál nr. SN170087
vegna deiliskipulags

Lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 9. febrúar 2017, að skipulagslýsingu vegna fyrirhugaðrar vinnu við deiliskipulag Bryggjuhverfis vestur- svæði 4, samkvæmt rammaskipulagi Elliðaárvogs-Ártúnshöfða, svæðið nær til núverandi landfyllingar vestur af Bryggjuhverfi.

Lýsing samþykkt til kynningar og umsagnar með vísan til 1. mgr. sbr. 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Samþykkt að vísa lýsingunni til umsagnar Skipulagsstofnunar Hverfisráðs Grafarvogar, Íbúasamtaka Bryggjuhverfis, Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, Umhverfisstofnunar, Minjastofnunar Íslands, Borgarsögusafns Reykjavíkur, OR/Veitur, Faxaflóahafna, Veiðimálastofnunar, Fiskistofu og Landsnets.

Lýsingin verður aðgengileg á vef umhverfis- og skipulagssviðs

Lilja Grétarsdóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

- Kl. 12:58 vikur Sveinbjörg Birna Sveinbjörnsdóttir af fundi, þá var jafnframt búið að afgreiða lið nr. 15 í fundargerðinni, Guðbjörg Gerður Sveinbjörnsdóttir tekur sæti á fundinum á sama tíma.

(B) Byggingarmál

12. **Afgreiðslufundur byggingarfulltrúa**, Mál nr. BN045423

Fundargerð

Fylgiskjal með fundargerð þessari eru fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa nr. 911 frá 14. febrúar 2017.

13. **Skipholt 1**, Hótel - Endurbýgging og stækkun (01.241.206) Mál nr. BN051113
460409-0200 Fjórir GAP ehf, Starhaga 4, 107 Reykjavík

Að lokinni grenndarkynningu er lagt fram að nýju erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 20. september 2016 þar sem sótt er um leyfi til að byggja 4. hæð ofaná og 5. hæð yfir hluta húss, sameina í einn matshluta og innréttastístað í flokki IV, teg. hótél, með 84 herbergjum fyrir 170 gesti í verslunar- og skrifstofuhúsi á lóð nr. 1 við Skipholt. Erindi var grenndarkynnt frá 4. október til og með 1. nóvember 2016. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Rúnar Björgvinsson, dags. 8. október 2016, Gísli Jónsson f.h. PK arkitektar ehf., dags. 17. október 2016, Vilma Kinderyte, dags. 22. október 2016, Jóhanna Cortes Andrésdóttir, Theodóra Thoroddsen, Drífa Nadía Mechiat og Mark Anthony Rodriguez, dags. 28. október 2016, Unnur Egilsdóttir og Þorsteinn Þorsteinsson, dags. 30. október 2016, Gísli Guðni Hall hrl., frá Mörkinni lögmansstofu f.h. 37 íbúða ehf., dags. 31. október 2016 og Nína Kristjánsdóttir, dags. 31. október 2016. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 1. febrúar 2017.

Umsögn skipulagsfulltrúa samþykkt.

Vísad til fullnaðarafgreiðslu byggingarfulltrúa.

Lilja Grétarsdóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

(C) Fyrirspurnir

14. **Hjarðarhagi 45-47**, (fsp) rekstur gististaðar með veitingastað á jarðhæð (01.543.2) Mál nr. SN160976
490911-1540 HALAL ehf., Veltusundi 3b, 101 Reykjavík

Lögð fram fyrirspurn Halal ehf., mótt. 20. desember 2016, varðandi rekstur gististaðar í húsinu á lóð nr. 45-47 við Hjarðarhaga með veitingastað á jarðhæð. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 14. febrúar 2017.

Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 14. febrúar 2017 samþykkt.

Halldóra Hrólfisdóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

(E) Umhverfis- og samgöngumál

15. **Sorpa**, Kynning á niðurstöðum greiningar SORPU á samsetningu blandaðs úrgangs Mál nr. US170054

Kynning á niðurstöðum greiningar SORPU á samsetningu blandaðs úrgangs. Fulltrúi Sorpu Bjarni Hjarðar verkfræðingur kynnir

Umhverfis og skipulagsráð bókar: „Kynning Sorpu á greiningu á samsetningu blandaðs úrgangs leiðir ljós að grófur úrgangur eykst mikið. Umhverfis- og skipulagsráð telur mikilvægt að skoðaðir verði af fullri alvöru kostir hugmyndarinnar um Grófa hirðinn, bæði umhverfislegur ábati og kostnaður. Grófi hirðirinn tæki við og setti í endursölu alls kyns byggingarhluti sem falla til við endurgerð og endurbætur húsa, svo sem hurðar, glugga, vaska, klósett, panel, innréttingar, gólfborð.,,

Eygerður Margrétardóttir deildarstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

(D) Ýmis mál

16. **LED-skilti**, Minnisblað Mál nr. SN170096
- Kynnt drög af minnisblaði verkefnishóps, dags. 1. febrúar 2017, um LED-skilti.
Kynnt.
- Jón Kjartan Ágústsson og Halldóra Hrólfsdóttir verkefnisstjórar taka sæti á fundinum undir þessum lið.
17. **Fegrunarviðurkenningar 2017**, skipan fulltrúa Mál nr. SN170116
- Lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs, skiplagsfulltrúa, að skipan fulltrúa í vinnuhóp sem gerir tillögu að fegrunarviðurkenningum fyrir lóðir fjölbýlishúsa og fyrirtækja/stofnana og vegna endurbóta á eldri húsum árið 2017.
Tillaga umhverfis- og skipulagssviðs, skiplagsfulltrúa dags. 9. febrúar 2017 samþykkt.
18. **Afnot af borgarlandi**, vegna skilta og útstillinga. Mál nr. US170055
- Kynntar reglur umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofa rekstur og umhirðu dags. 1. febrúar 2017, varðandi afnot af borgarlandi vegna skilta og útstillinga.
Fulltrúi Eflu Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir kynnrir
- Hjalti J. Guðmundsson skrifstofustjóri situr fundinn undir þessum lið.
19. **Aldursvænar borgir**, skýrsla Mál nr. US170053
- Kynnt skýrsla starfshóps dags. 1. nóvember 2016 varðandi aldursvænar borgir.
Birna Sigurðardóttir deildarstjóri á skrifstofu sviðsstjóra velferðarsviðs kynnrir.
- Guðlaug Erna Jónsdóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.
20. **Vegamótastígur 7 og 9**, kæra 17/2017 (01.171.5) Mál nr. SN170097
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík
- Lagt fram bréf úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, dags. 6. febrúar 2017 ásamt kærðu þar sem kært er byggingarleyfi vegna framkvæmda við Vegamótastíg 7 og 9. Gerð er krafa um stöðvun framkvæmda.
Vísað til umsagnar skrifstofu sviðsstjóra.
21. **Haukdælabraut 96**, kæra 153/2016, (05.114.102) Mál nr. SN160883
umsögn
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík
- Lagt fram bréf úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála ásamt kærðu, dags. 22. nóvember 2016 þar sem kærð er ólöglegt gjaldtaka fyrir lokaúttekt byggingarinnar á lóð nr.96 við Haukdælabraut. Einnig lögð fram umsögn skrifstofu sviðsstjóra, dags. 6. febrúar 2017.
22. **Rauðagerði 39**, kæra 25/2015, umsögn, (01.821.3) Mál nr. SN150302
úrskurður
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík

Lagt fram bréf úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, dags. 16. apríl 2015 ásamt kæru vegna synjunar byggingarfulltrúans í Reykjavík 17. mars 2015 á reyndarteikningu fyrir Rauðagerði 39. Einnig lögð fram umsögn skrifstofu sviðsstjóra, dags. 22. maí 2015. Lagður fram úrskurður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála frá 9. febrúar 2017. Úrskurðarorð: Hafnað er kröfu kæranda.

23. **Suður Mjódd**, kæra 94/2015, umsögn, (04.91) Mál nr. SN150653
úrskurður
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík

Lagt fram bréf úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, dags. 28. október 2015, ásamt kæru, dags. 27. október 2015, þar sem kærð breyting á deiliskipulagi fyrir Suður Mjódd. Lögð fram umsögn skrifstofu sviðsstjóra, dags. 30. nóvember 2015. Jafnframt er lagður fram úrskurður umhverfis- og auðlindamála frá 8. febrúar 2017. Úrskurðarorð: Kærumáli þessu er vísað frá úrskurðarnefndinni.

24. **Starhagi 1 og 3**, breyting á deiliskipulagi (01.555.3) Mál nr. SN160782

Lagður fram tölvupóstur Mörtu Guðjónsdóttur dags. 15. febrúar 2017 varðandi leiðréttingu í fundargerð umhverfis- og skipulagsráðs nr. 179 frá 8. febrúar 2017.

"Í máli nr. 5 á fundi umhverfis- og skipulagsráðs 8.2. 2017 er fært til bókar í fundargerð að Marta Guðjónsdóttir hafi setið hjá við afgreiðslu málsins en hið rétta er að hún greiddi atkvæði á móti".

Fundi slitið kl. 14.00

Fundargerðin lesin yfir og undirrituð

Hjálmar Sveinsson

Páll Hjaltason
Gísli Garðarsson
Hildur Sverrisdóttir

Stefán Benediktsson
Halldór Halldórsson
Guðbjörg G. Sveinbjörnsdóttir

Afgreiðsla byggingarfulltrúa samkv. samþykkt nr. 161/2005

Árið 2017, þriðjudaginn 14. febrúar kl. 10.05 fyrir hádegi hélt byggingarfulltrúinn í Reykjavík 911. fund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar umhverfis- og skipulagsráðs. Fundurinn var haldinn í fundarherberginu 2. hæð Borgartúni 12-14. Þessi sátu fundinn: Sigrún Reynisdóttir, Nikulás Úlfar Másson, Halldóra Theódórsdóttir, Erna Hrönn Geirsdóttir, Óskar Torfi Þorvaldsson Jón Hafberg Björnsson og Eva Geirsdóttir
Fundarritari var Erna Hrönn Geirsdóttir

Þetta gerðist:

Nýjar/br. fasteignir

1. Austurbakki 2 (01.119.801) 209357 Mál nr.
BN052373
450314-0210 REYKJAVÍK DEVELOPMENT ehf., Lágmúla 7, 108 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN051700, um er að ræða aðlögun þess hluta bílakjallara sem liggur undir Geirsgötu, mhl. 09, að aðliggjandi húsum og kjöllum á lóð nr. 2 við Austurbakka.
Stæðum fjölgar um tvö, verða 128.
Mhl. 09 minnkar um: 148,3 ferm., 576,4 rúmm.
Gjald kr. 11.000
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.7 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.
Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.
Með vísan til samþykktar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 22. maí 2013, skal lóðarhafi, í samráði við byggingarfulltrúa, setja upp skilti til kynningar á fyrirhuguðum framkvæmdum á byggingarstað.
Í samræmi við samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs dags. 9. október 2013 skal vélknúinn þvottabúnaður vera til staðar á byggingarlóð sem tryggir að vörubílar og aðrar þungavinnuvélar verði þrífnaðar áður en þær yfirgefa byggingarstað. Samráð skal haft við byggingarfulltrúa um staðsetningu búnaðarins.
Sérstakt samráð skal haft við yfirverkfræðing byggingarfulltrúa vegna jarðvinnu.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
2. Austurbakki 2 (01.119.801) 209357 Mál nr.
BN052225
530513-1060 Austurhöfn ehf., Laugavegi 182, 105 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN050486 sem felst m.a. í því að umfangi og formi húsa hefur verið breytt, bætt við hæð í bílakjallara, yfirbyggð göngugata fjarlægð og íbúðum fækkað úr 106 í 71 í verslunar- og íbúðarhúsi á lóð nr. 2 við Austurbakka.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 27. janúar 2017 fylgir erindinu.
Stækkun: A-rými: x ferm., x rúmm. B-rými x ferm.
Gjald kr. 11.000
Frestað.
Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.
3. Austurbakki 2 (01.119.801) 209357 Mál nr.
BN052169

590815-0980 Cambridge Plaza Hotel Comp ehf., Bergþórugötu 55, 101 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN050485, um er að ræða stækkun tæknirýma í neðri kjallara, minni háttar breytingar á útliti og innra skipulagi allra hæða og stækkun 7. hæðar hótels á lóð nr. 2 við Austurbakka.

Erindi fylgja greinargerðir um algilda hönnun dags. 22. desember 2016, um eldvarnir dags. 22. desember 2016, um hljóðvist dags. 14. desember 2016 og um hávaðadreifingu frá hafnarstarfsemi í Reykjavík dags. 1. september 2015.

Stækkun, mhl. 06: xx ferm., xx rúmm.

Mhl. 11: xx ferm., xx rúmm.

Mhl. 10: xx ferm., xx rúmm.

Gjald kr. 10.100

Frestað.

Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.

4. Bárugata 9 (01.136.304) 100562 Mál nr.
BN052381

291262-2019 Ingveldur Ólafsdóttir, Bárugata 9, 101 Reykjavík

Sótt er um samþykki fyrir áður gerðum svölum, sjá erindi BN030570 sem grenndarkynnt var og samþykkt 2005, á 2. hæð fjölbýlishúss á lóð nr. 9 við Bárugötu.

Gjald kr. 11.000

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Það athugist að um er að ræða samþykkt á áður gerðri framkvæmd sem gerð var án byggingarleyfis. Óvissa kann því að vera um uppbyggingu og útfærslu framkvæmdar. Hvorki er skráð verktrygging á verkið né ábyrgðaraðilar.

Skilyrt er að eignaskiptayfirlýsingu vegna breytinga í húsinu sé þinglýst til þess að samþykktin öðlist gildi.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

5. Básbryggja 51 (04.024.102) 178662 Mál nr.
BN052370

121046-2029 Þorbjörn Sigurðsson, Básbryggja 51, 110 Reykjavík

200349-3189 Íris Edda Ingvadóttir, Básbryggja 51, 110 Reykjavík

Sótt er um áður gerðar breytingar annars vegar sem felast í því að íbúð 0303 og 0304 voru sameinaðar í eina og hins vegar nýja breytingu sem felst í því að rými 0402 og 0403, sem áður tilheyrðu sameinaðri íbúð 0303, tilheyra nú íbúð 0401 og núverandi stigi í íbúð 0303 er fjarlægður í húsi á lóð nr. 51 við Básabryggju.

Bréf umsækjanda dags. 07.02.2017 fylgir erindi.

Gjald kr. 11.000

Frestað.

Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

6. Bíldshöfði 7 (04.056.401) 110564 Mál nr.
BN052263

450510-0680 B.M. Vallá ehf., Bíldshöfða 7, 110 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að byggja við núverandi framleiðslusal mhl. 25 og verða veggir að hálfu steiptir og að hálfu úr samlokustáleiningum í húsinu á lóð nr. 7 við Bíldshöfða, samkvæmt uppdr. TAG teiknistofu ehf., dags. 11. janúar 2017.

Stækkun: 201,4 ferm., 1.249,9 rúmm.

Gjald kr. 11.000

Frestað.

Er í skipulagsferli.

7. Borgartún 24 (01.221.101) 102800 Mál nr.
BN052030

650908-0310 EE Development ehf., Borgartúni 24, 104 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að breyta innveggjum, innréttingum og að loka stigagati á milli fyrstu hæðar 0101 og kjallara 0002í húsinu á lóð nr. 24 við Borgartún .

Stækkun vegna lokunar á stigagati: 7,4 ferm.

Gjald kr. 10.100

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing sé samþykkt fyrir útgáfu byggingarleyfis, henni verður þinglýst eigi síðar en við lokaúttekt.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

8. Bókhlöðustígur 2 (01.183.107) 101929 Mál nr.
BN052200

020676-3539 Þóra Sigurðardóttir, Bókhlöðustígur 2, 101 Reykjavík

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum sem felast í því að útliti vesturhliðar kjallara hefur verið breytt, kjallaragluggar hafa verið stækkaðir og syðsti hluti kjallarans hefur verið dýpkaður í húsi á lóð nr. 2 við Bókhlöðustíg.

Stækkun: 16,5 rúmm.

Umsögn Minjastofnunar dags. 25.01.2017 fylgir erindi ásamt bréfi arkitekts dags. 24.01.2017.

Gjald kr. 11.000

Frestað.

Lagfæra skráningu.

9. Dugguvogur 8-10 (01.454.002) 105618 Mál nr.
BN052114

141073-4439 Gunnar Sigurður Gunnarsson, Breiðagerði 8, 108 Reykjavík

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum innan- og utanhúss eins og lýst er í byggingarlýsingu í húsi nr. 10 á lóð nr. 8- 10 við Dugguvog.

Samþykki meðeigenda fylgir ódagsett.

Gjald kr. 10.100

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Það athugist að um er að ræða samþykkt á áður gerðri framkvæmd sem gerð var án byggingarleyfis. Óvissa kann því að vera um uppbyggingu og útfærslu framkvæmdar. Hvorki er skráð verktrygging á verkið né ábyrgðaraðilar.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

10. Fjólugata 21 (01.185.512) 102202 Mál nr.
BN052279

190452-4339 Jón Karl Friðrik Geirsson, Fjólugata 21, 101 Reykjavík

180552-2359 Sigrún Hjartardóttir, Fjólugata 21, 101 Reykjavík

200139-2409 Ellert B Sigurbjörnsson, Fjólugata 21, 101 Reykjavík

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum á mhl. 01 og 02 vegna gerðar eignaskiptayfirlýsingar í húsi á lóð nr. 21 við Fjólugötu.

Bréf hönnuðar dags. 01.02.2017 fylgir erindi.

Gjald kr. 11.000

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Það athugist að um er að ræða samþykkt á áður gerðri framkvæmd sem gerð var án byggingarleyfis. Óvissa kann því að vera um uppbyggingu og útfærslu framkvæmdar. Hvorki er skráð verktrygging á verkið né ábyrgðaraðilar.

Skilyrt er að eignaskiptayfirlýsingu vegna breytinga í húsinu sé þinglýst til þess að samþykktin öðlist gildi.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

11. Freyjubrunnur 31 (02.693.803) 205734 Mál nr.
BN052368

520515-1000 Mánalind ehf., Suðurlandsbraut 46, 108 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að byggja staðsteypt sjö íbúða fjölbýlishús á kjallara með bílgeymslu fyrir sex bíla, en efsta hæð er inndregin með álklaeddum timbur útveggum á lóð nr. 31 við Freyjubrunn.

Stærðir:

Kjallari 146,3., 1. hæð 253,8 ferm., 2. hæð 253,8 ferm., 3. hæð 178,5 ferm.

Samtals 832,4 ferm., 2.735,1 rúmm.

B-rými: 181,9 ferm., XX rúmm.

Gjald kr. 11.000

Frestað.

Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.

12. Grandagarður 8 (01.115.101) 100046 Mál nr.
BN052125

450105-4810 Víkin - Sjóminjasafn í Re ses., Grandagarði 8, 101 Reykjavík
530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að setja gler í tvöfalda útihurð, rist í glugga á norð-vesturhlið, stækka skrifstofurými með því að innrétta rými 0104, bæta við snyrtingu, steypa upp í gryfju, koma fyrir stiga við aðkomusal og fata- og munaskápum á 1. hæð, minnka skrifstofu og stækka sýningarsal í húsi á lóð nr. 8 við Grandagarð.

Gjald kr. 10.100

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.7 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

13. Grundarland 17-23 (01.855.201) 108784 Mál nr.
BN052318

411112-0200 Mannverk ehf., Hlíðasmára 12, 201 Kópavogur

620312-0290 Mannverk 3 ehf., Hlíðasmára 12, 201 Kópavogur

Sótt er um leyfi til að byggja einbýlishús með innbyggðri bílgeymslu á lóð nr. 21 við Grundarland.

Stærð A-rými 415,9 ferm., 1.439,5 rúmm.

Lögð er fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 01.12.2016 við fsp. SN1608410 um niðurrif og nýbyggingu.

Gjald kr. 11.000

Frestað.

Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

14. Hafnarstræti 20 (01.140.302) 100836 Mál nr.
BN052196

540909-0830 Kaffiveröld ehf, Stapahrauni 4, 220 Hafnarfjörður

640413-1150 Vivaldi Ísland ehf., Borgartúni 25, 105 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að stækka veitingastað í fl. II, þannig að leyfilegur gestafjöldi verður 33, afgreiðsla er færð og stækkuð, snyrting stækkuð og bætt við annarri snyrtingu í húsi á lóð nr. 20 við Hafnarstræti.

Gjald kr. 10.100

Frestað.

Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.

15. Hádegismóar 1 (04.411.701) 213064 Mál nr.
BN052365

590658-0149 Freyr ehf, Lynghálsi 2, 110 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN049417, aðallega er um að ræða breytingu á brunavörnum ásamt minni háttar breytingum á innra skipulagi sem

lýst er í fylgigögnum og orðið hafa á framkvæmdatíma við skrifstofu- og lagerhús á lóð nr. 1 við Hádegismóa.

Gjald kr. 11.000

Frestað.

Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.

16. Hátún 6 (01.235.202) 102968 Mál nr.
BN052224
431087-8989 Hátún 6, húsfélag, Pósthólf 8940, 128 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta anddyri á jarðhæð í húsi á lóð nr. 6 við Hátún.
Fundargerð húsfélags Hátúns 6 fylgir erindi.
Breyting á stærðum: -3,7 ferm., -10,4 rúmm.
Gjald kr. 10.100
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.7 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.
Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing sé samþykkt fyrir útgáfu byggingarleyfis, henni verður þinglýst eigi síðar en við lokaúttekt.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
17. Hátún 6A-6B (01.235.302) 102970 Mál nr.
BN052319
180253-3519 Páll Hermannsson, Hátún 6b, 105 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að hólfa bílastæði B01 og B02 frá öðrum bílastæðum ásamt því að byggja útgeymslu við enda bílastæða í bílgeymslu á lóð nr. 6b við Hátún.
Stærð A-rýma x ferm., x rúmm.
Samþykki meðeigenda í matshluta dags. 20.01.2017 fylgir erindi.
Gjald kr. 11.000
Frestað.
Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.
18. Hjallavegur 64 (01.384.015) 104877 Mál nr.
BN051333
170383-5409 Halldór Heiðar Bjarnason, Hjallavegur 64, 104 Reykjavík
280983-3819 Lilian Pineda de Avila, Hjallavegur 64, 104 Reykjavík
Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum sem felast í byggingu sólstofu ofan á þaksvalir í parhúsi nr. 64 við Hjallaveg.
A-rými 22,0 ferm., 57,6 rúmm.
Samþykki eigenda aðliggjandi húss nr. 62 er á teikningu dags. 01.02.2017.
Gjald kr. 10.100
Frestað.
Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.
19. Holtsgata 16 (01.134.316) 100365 Mál nr.
BN052288
480514-0680 Leiguafli slhf., Borgartúni 28, 105 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að byggja timbursvalir á 2. hæð og færa snyrtingu á 1. hæð úr sameign inn í íbúð, sjá erindi BN035589, í fjölbýlishúsi á lóð nr. 16 við Holtsgötu.
Gjald kr. 11.000
Frestað.
Málinu vísað til skipulagsfulltrúa til ákvörðunar um grenndarkynningu. Vísað er til uppdráttar nr. 01 og 02 dags. 31. janúar 2017.

20. Hverafold 1-3 (02.874.201) 110375 Mál nr.
BN052280
210488-2519 Andri Már Engilbertsson, Arahólar 6, 111 Reykjavík
481105-0800 Markmál ehf, Pósthólf 12066, 132 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að innrétta húðflúrstofu í rými 0301 í húsi á lóð nr. 1-5 við Hverafold.
Gjald kr. 11.000
Frestað.
Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.
21. Hverfisgata 84 (01.174.001) 101557 Mál nr.
BN052197
531006-3210 Rauðsvík ehf., Skúlagötu 30, 101 Reykjavík
